

Heimurinn er hér

Stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur
um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

maí 2014

Tillögur starfshópsins börn og fjölmennning

1. Að skóla- og frístundaráð samþykki stefnu um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf sem beri heitið: *Heimurinn er hér – stefna skóla- og frístundasviðs um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf.*

Leiðarljós stefnunnar er að í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi nái öll börn árangri í námi og leik, standi vel að vígi félagslega og fái tækifæri til að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu.

Heimurinn er hér – stefna skóla- og frístundasviðs um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf er byggð upp af þremur meginstöðum:

- a. Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir
- b. Íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi
- c. Foreldrasamstarf

Stefnan er uppbyggð á eftirfarandi hátt:

Meginstöðum stefnunnar er lýst í fyrri hlutanum og þar koma helstu markmið hennar fram. Í fyrri hlutanum er einnig lýsing á hlutverki starfsstaða skóla- og frístundasviðs og hlutverki aðalskrifstofu skóla- og frístundasviðs.

Seinni hluti stefnunnar kallast „*Stiklur*“ en í honum er að finna hugmyndir, ítarefni og gátlista sem starfsstaðir geta nýtt sér til að ná markmiðum stefnunnar.

Gert er ráð fyrir því að stefna um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf fléttist saman við jafnréttisáætlanir, læsisstefnu leikskóla og lestrarstefnu grunnskóla, endurspeglar í leik, námi og starfi og nýtist starfsfólki til stuðnings góðu starfi.

2. Að skóla og frístundaráð samþykki tillögur 3- 10 sem innleiðingaráætlun fyrir stefnu skóla- og frístundasviðs um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf. Innleiðingu verði að fullu lokið í árslok 2017 og skóla- og frístundaráð fái árlega stöðuskýrslu um innleiðingu stefnunnar.

3. Fjölmennningarlegt frístundastarf verði eflt með því að:

- a. Gera frístundamiðstöðum kleift að sækja um úthlutun fjármagns vegna fjölmennningarlegs frístundastarfs.
- b. Líta á þann tíma sem börn nýta sér skipulagt frístundastarf sem mikilvægan hluta af íslenskunámi þeirra og samfélagslegri virkni.
- c. Sérlegur verkefnastjóri fjölmennningarlegs frístundastarfs veiti ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks frístundamiðstöðva, foreldra og frístundaráðgjafa í hverfum.

4. Fjölmennningarlegt grunnskólastarf verði eftt með því að:

- a. Reglum um fjármagn til grunnskóla vegna íslenskukennslu verði breytt þannig að allir nemendur sem taldir eru þurfa mestan stuðning samkvæmt málkönnunarprófinu „Milli mála“ fái úthlutun til íslenskukennslu samkvæmt texta Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- b. Úthlutað verði til skilgreindra verkefna til eflingar fjölmennningarlegu skólastarfi úr fjölmenningsjóði skóla- og frístundasviðs. Árangur og reynsla verkefna verði metin m.a. með málkönnunarprófinu „Milli mála“. Verkefni sem gefa góða raun verði frumkvöðlaverkefni í grunnskólum borgarinnar.
- c. Staða kennsluráðgjafa á skrifstofu SFS sem gerð var í tilraunaskyni til eins árs verði fest í sessi. Hlutverk hans verði að efla þekkingu kennsluráðgjafa í hverfum borgarinnar á málefnum nemenda með annað móðurmál en íslensku og veita ráðgjöf og fræðslu til grunnskóla um foreldrasamstarf, fjölbreytta kennsluhætti, íslensku sem annað mál og mikilvægi móðurmáls.
- d. Komið verði á fót teymi farkennara með góða þekkingu á íslensku og helstu tungumálunum sem töluð eru af börnum og ungmennum í Reykjavík. Hlutverk teymisins verði að byggja brú á milli móðurmáls barna og skólamálsins ásamt því að styðja við námslega og félagslega stöðu barna og ungmenna.
- e. Fjármagn vegna túlkajónustu verði miðlægt, sambærilegt við leikskólastigið.

5. Fjölmennningarlegt leikskólastarf verði eftt með því að:

- a. Fjármagn til leikskóla vegna fjölmennningarlegs leikskólastarfs verði í samræmi við þá fjölgun sem hefur orðið á börnum af erlendum uppruna frá árinu 2006.
- b. Tryggja að leikskólar geti leitað til fjölbreytts hóps kennara og annars fagfólks um stuðning og ráðgjöf til barna og foreldra með annað móðurmál en íslensku.

6. Foreldrasamstarf verði eftt með því að:

- a. Allur kostnaður vegna túlkajónustu verði greiddur úr miðlægum potti.
- b. Betrubæta upplýsingagjöf um skóla- og frístundastarf, bæði með rafrænum hætti en einnig með fræðslu- og upplýsingafundum fyrir foreldra.
- c. Starfsstaðir geri í upphafi skólagöngu barna samning við foreldra um samskipti þar sem tekið er fram á hvaða hátt foreldrar og skóli/frístundaheimili telji farsælast að eiga í samskiptum. (Sjá fyrirmynd í *Stiklum*)

7. Þekking kennara og starfsfólks verði eflað með því að:

- a. Árlega verði boðið upp á fræðslu til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ og aðra sérfræðinga þar sem gagnlegar leiðir og aðferðir í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi verði í brennidepli.

- b. Þróa leiðir og verkfæri til að þekking starfsfólks á tungumálum og menningu, annarri en íslensku nýtist í skóla- og frístundastarfi. Sérstaklega verði horft til samskipta við fjölskyldur og tengingu við móðurmál barnanna.
- c. Stofnað verði teymi ráðgjafa, farkennara og stuðningsaðila í málefnum fjölmennningarlegs skóla- og frístundastarfs.
- d. Komið verði á fót þekkingarteymi grunnskólakennara annars vegar og frístundastarfsfólks hins vegar, að fyrirmynd þekkingarteymis á leikskólastiginu. Teymið hittist reglulega yfir starfsárið og miðli þekkingu.

8. Útgáfa og miðlun upplýsinga á vegum SFS taki mið af fjölmenningu:

- a. Sérstaklega verði hugað að því að myndmál endurspegli fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf Reykjavíkurborgar.
- b. Allar upplýsingar til foreldra frá SFS verði þýddar á ensku og pólsku og leitast verði við að þýða þær á fleiri tungumál við innleiðingu stefnunnar *Heimurinn er hér*.

9. Gerður verði samstarfssamningur við samtökin *Móðurmál* um:

- a. Að húsnæði SFS geti nýst til móðurmálskennslu á laugardögum eða eftir að skóla lýkur á virkum dögum.
- b. Að kennarar á vegum samtakanna *Móðurmáls* miðli þekkingu sinni um mikilvægi móðurmáls til barna, foreldra og starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.

10. Gerður verði samstarfssamningur við Borgarbókasafn um:

- a. Að SFS taki þátt í að kynna og koma á framfæri fjölmennningarlegum verkefnum bókasafnsins s.s. eins og Menningarmót, Heilahristingur og Café Lingua.
- b. Að verkefnastjóri fjölmennningar á Borgarbókasafni eigi sæti í teymi ráðgjafa, farkennara og annars fagfólks í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi.

Heimurinn er hér

Leiðarljós SFS í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi er að öll börn og ungmenni nái árangri í námi og leik, standi vel að vígi félagslega og verði skapað tækifæri til að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu.

Íslenskt samfélag hefur á undanförnum árum breyst frá því að vera tiltölulega einsleitt yfir í það fjölmenningsamfélag sem við þekkjum nú í dag. Það sama á við í öllu skóla- og frístundastarfi borgarinnar þar sem bakgrunnur einstaklinganna sem þar vinna og stunda nám er fjölbreyttur*. Meginmarkmiðið í skóla- og frístundastarfi er að skapa þekkingu, færni og viðhorf sem nauðsynleg eru til að börn og ungmenni nái árangri bæði félagslega og námslega, verði öflugir þátttakendur í íslensku samfélagi og þrói með sér virðingu fyrir eigin menningu og annarra.

Í allri starfsemi er mikilvægt er að taka tillit til þátta eins og félagslegrar stöðu, kynferðis, kynhneigðar, trúarbragða, tungumáls, aldurs, heilsufars og færni svo eitthvað sé nefnt en með því að virða og viðurkenna ólíkan bakgrunn og menningu einstaklinganna er litið svo á að öll menning sé „fjölmennung“.

Líkt og segir í aðalnámskrá leik- og grunnskóla (2011, bls. 11) byggir fagmennska kennara „á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins“. Þar segir jafnframt: „Í skipulagi og viðfangsefnum skólastarfsins og í starfsháttum skólanna skal lögð rækt við námsumhverfi og samskipti sem stuðla að almennri menntun“ auk þess sem tekið er fram að nám og menntun eigi sér stað víðar en í skólakerfinu, en það á t.d. við í skipulögðu frístundastarfi. Í starfsskrá frístundamiðstöðva er lögð áhersla á félagsfærni þar sem einstaklingum er leiðbeint að rækta með sér samkennd, samhygð og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra til að geta átt auðug og gefandi samskipti við aðra. Í Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar (2006, bls.10) segir að í öllu uppeldis- og tómstundastarfi, menntun og fræðslu á vegum borgarinnar eigi að taka mið af þörfum fjölbreyttra fjölskyldna og að „fjölbreytni og mARBreytileiki samfélagsins hljóti kynningu í starfi með börnum og ungmennum“ þar sem þeim gefst tækifæri til að kynna heimamenningu sína. Mikilvægt er að í öllu skóla- og frístundastarfi borgarinnar liti hver og einn svo á að með því að leggja sitt lóð á vogarskálarnar færumst við nær því uppfylla leiðarljós SFS. Þannig endurspeglir leiðarljósið veruleika sem litið er á sem hluta af almennu námi og menntun en ekki sértækt úrræði fyrir afmarkaðan hóp barna og ungmenna. Um leið þurfa stjórnendur allra starfsstaða** að vera í fararbroddi við að þróa skóla- og frístundastarf sem lítur á fjölbreytileikann í samfélaginu sem tækifæri til þroska og aukins siðferðis öllum í hag.

Stefna SFS í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi er tvískipt. Í fyrri hlutanum er fjallað um þá þætti sem brýnt er að starfsstaðir hugi að í tengslum við þróun fjölmennningarlegs skóla- og frístundastarfs og settir fram 6 stefnuþættir. Í lok fyrri hlutans er greint frá því hver séu hlutverk starfsstaðir SFS annars vegar og skrifstofu sviðsins hins vegar. Síðari hluti stefnunnar „Stiklur“ í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi er kafla með hugmyndum, gátlistum, ítarefni og gagnlegum ábendingum sem starfsstaðir geta nýtt til þróunar á fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi.

* Með hugtakinu „fjölbreyttir“ er hér vísað sérstaklega til fjölbreyttrar menningar, tungumála og trúarbragða auk þess fjölbreytileika sem einkennir börn og fullorðna í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

**Með starfsstað er hér átt við leikskóla, grunnskóla, frístundaheimili, frístundamiðstöðvar og félagsmiðstöðvar.

Fjölbreyttir kennslu- og starfshættir

Þær aðferðir sem taldar eru árangursríkastar í námi fjölbreyttra barnahópa ganga út á að þróa skólastarf þannig að það feli í sér þátttöku allra nemenda, virkt lýðræði, jafnrétti til náms og valddreifingu allra þeirra sem koma að skólastarfinu (Banks, 2010; Hanna Ragnarsdóttir og Börkur Hansen, 2010).

Þróun fjölmenningarlegra kennsluhátta þarf að fela í sér að allir nemendur verði áhrifavaldar í eigin námi, hlustað sé á raddir þeirra og þannig aðferðum beitt að þeir „verði meðvitaðir um mótsagnir, skekkjur og óréttlæti í hugmyndakerfum sínum og félagslegum athöfnum“ (Hanna Ragnarsdóttir og Börkur Hansen, 2010, bls. 24).

Viðhorf og væntingar kennara og trú þeirra á eigin getu í kennslu fjölbreyttra barnahópa er grundvallaratriði auk þekkingar þeirra á fjölbreyttum kennsluháttum og aðferðum.

Mikilvægt er að í skóla- og frístundastarfi borgarinnar verði lögð áhersla á að byggja upp þekkingu og færni þeirra sem þar starfa til að þróa fjölbreytta kennslu- og starfshætti með það að markmiði að koma til móts við ólíkar þarfir og þekkingu barna og ungmenna. Þá er brýnt að hafa í huga hvernig hægt er að nýta fjölbreytileika barna- og foreldrahópa sem styrkleika í starfi þar sem andrúmsloft, samskipti og aðferðir í vinnu og kennslu einkennast af næmi fyrir ólíkum þörfum, menningu og reynslu. Í þessu sambandi er mikilvægt að huga að því hvaða efniviður og kennslugögn eru í boði, hvernig stuðlað er að uppbyggingu nýrrar þekkingar í hópnum, hvernig tekið er á fordómum og einelti og hvernig stuðlað er að jafnrétti og virkri þátttöku.

„Ef sérkennarinn er sá sem einn ber ábyrgð á málefnum barna af erlendum uppruna firra aðrir kennarar sig ábyrgð.“

Hanna Ragnarsdóttir
prófesor HÍ

Í nútímasamfélagi þar sem samskipti á milli menningarheima fara vaxandi, bæði í samskiptum þjóða og í lífi einstaklinga, skiptir máli fyrir alla að þróa með sér færni til að eiga í samskiptum þvert á tungumál og menningu.

Sýnt hefur verið fram á að með því að nýta samvinnunámsaðferðir þar sem samvinna nemenda er skipulögð á markvissan hátt sé miðað að því að ná hámarksvirkni hjá hópnum og öllum innan hans veittur jafn aðgangur að lærdómsferlinu.

Nemendum er þannig markvisst sýnt fram á að með samvinnu áorka þeir meiru og árangurinn verður betri en þegar þeir vinna hver í sínu horni. Þeir sem taka þátt í samvinnunni eru með þessu móti þjálfaðir í samskiptahæfni þar sem aðaláhersla er lögð á að hver og einn hafi eitthvað til brunns að bera sem nýtist öllum hópnum. Með slíkum vinnubrögðum er unnt að veita börnum og ungmennum tækifæri til að þjálfast í mikilvægri samskiptafærni sem nýtist þeim út lífið.

Í frítímanum gefast ótal tækifæri til að vinna með þætti sem efla og styrkja einstaklinginn sem félagsveru og virkan þjóðfélagsþegn.

„Í frístundastarfi barna og unglinga skapast félagsleg tengsl sem er grunnur fjölmenningarlegs samfélags. Ávinningur frístundastarfs verður aldrei metinn í einkunnum, heldur í góðverkum framtíðar.“

*Bjarni Þórðarson,
deildarstjóri unglingsstarfs í*

Í starfi frístundamiðstöðva er lögð megináhersla á að vinna með sjálfsmynd, umhyggju, félagsfærni, virkni og þátttöku. Frítíminn skipar stóran sess í lífi barna og ungmenna og í gegnum viðfangsefni í frítíma gefast þeim tækifæri til að spegla skoðanir sínar og viðhorf í jafningjahópi á eigin forsendum enda þátttaka valfrjáls. Það starf sem unnið er á vettvangi frítímans og inni í skólakerfinu styður hvort annað í átt til aukinnar færni, líkt og tvær hliðar á sama peningi. Með virkri þátttöku í frítímanum skapast annars konar tækifæri fyrir börn og ungmenni til þjálfunar og í öðru samhengi og umhverfi en í skólanum. Viðfangsefni í

frítímanum henta sumum jafnvel betur en vettvangur grunnskólanna til aukins þroska og færni og frítímastarfið gefur því færi á auknum möguleikum til lífsfyllingar.

Fræðimenn hafa bent á nauðsyn þess að í skólum séu virkjuð sú fjölbreytta reynsla, þekking, menning, tungumál og trúarbrögð sem ríkir innan starfsmannahópsins. Þá hefur jafnframt verið bent á mikilvægi þess að fjölbreyttir kennara- og starfsmannahópar feli í sér fyrirmyndir fyrir fjölbreytta barnahópa og séu skólasamfélögum mikilvæg auðlind ekki síst í samskiptum við fjölskyldur og vinnu með fjölbreytt móðurmál (Hanna Ragnarsdóttir, 2010).

Mikilvægt er að í skóla- og frístundastarfi sé litið til þess mannauðs sem þar starfar og nýtt þau tækifæri sem gefast til að byggja á og nýta fjölbreytta þekkingu á öðrum tungumálum og menningu annarri en þeirri íslensku.

Íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi

Mikilvægt er að í öllu skóla- og frístundastarfi sé lögð áhersla á að efla íslenskukunnáttu barna með annað móðurmál en íslensku. Hæfni í íslensku er meginforsenda þess að börn verði að virkum þátttakendum í samfélagi lýðræðis og jafnréttis og geti lagt stund á almennt nám í íslenskum skólum. Nauðsynlegt er að börn með annað móðurmál en íslensku þrói með sér félags- og samskiptafærni, læsi, lestur og ritun líkt og á við um öll börn í skóla- og frístundastarfi. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011 bls. 106-107) er í kafla um íslensku sem annað mál, lögð áhersla á að nemendur með annað móðurmál en íslensku fylgi skólafélögum í námi í öðrum greinum skólans og fái til þess nauðsynlegan stuðning. Mikilvægt er að varpa ljósi á hvernig flókið samspil innri og ytri þátta hjá sérhverjum einstaklingi ræður því hvernig honum gengur að ná tökum á íslensku sem öðru máli. Dæmi um innri þætti eru t.d. hneigð til náms, staða í móðurmáli, fyrri reynsla, aldur og persónuleiki. Viðhorf og væntingar samfélagsins, færni kennara og kennsluaðferðir eru hins vegar dæmi um ytri þætti.

„Fjöltýngi er fjársjóður.“

*Sabine Leskopf,
þýðandi og túlkur*

Mjög mikilvægt er að byggja á styrkleika barna í öllu starfi hvort heldur sem er í námi eða frístund. Góð staða barna í tungumáli, bæði móðurmáli og íslensku, hefur áhrif á þróun sjálfsmýndar þeirra til framtíðar.

Mál og læsi er að stórum hluta félagslegt nám sem byggist upp í samskiptum og samræðum um viðfangsefni þar sem skilningur og ný þekking eru markað. Tryggja þarf virka þátttöku allra nemenda í námi og leik þar sem unnið er á fjölbreyttan hátt með tungumálið um leið og lögð er áhersla á að allir njóti sín í gefandi og uppbyggilegum samskiptum þar sem skilaboðin eru skýr; allir eru velkomnir og þess virði að tilheyra þessum hóp!

Elín Þöll Þórðardóttir hefur bent á að þegar unnið er með íslensku sem annað mál sé haft í huga að ekki henti allar aðstæður jafn vel til að vinna með tungumálið. „Sumar af þeim aðferðum sem þróaðar hafa verið sérstaklega fyrir tvítyngd börn gera minna gagn en skyldi vegna þess að svo mikil áhersla er lögð á sérsniðna þáttinn, að almennari þættir sem tengjast málörvun barna, lúta í lægra haldi. En tvítyngd börn eru fyrst og fremst bara börn og máltaka á tveimur málum lýtur í grundvallaratriðum sömu lögmálum og máltaka á einu máli“ (Elín Þöll, 2007, bls. 102). Þannig skiptir máli að nýta öll tækifærin sem gefast í skóla- og frístundastarfinu til þess að vinna með íslensku sem annað mál.

„Með því að efla skilning á fjölmenningu í skóla erum við að stuðla að getu samfélagsins til að dafna og lifa í sátt í flóknum heimi ólíkra skoðana og viðhorfa.“

Juan Camilo Roman Estrada,
formaður Fjölmenningsráðs
Reykjavíkur

„Íslenskan er eins og við öll vitum, móðurmálið okkar og það ber okkur að varðveita hverja stund. En við eigum líka að bera virðingu fyrir öllum erlendum tungumálum og skilja að þau eru jafn dýrmæt og íslenskan er okkur.“

Vigdís Finnbogadóttir
fyrirverandi forseti Íslands

Í nýlegri rannsókn sem gerð var í tengslum við þróun málkönnunarprófsins Á milli mála kemur fram að máltaka íslensku sem annars máls sé tímafrekt ferli og að börn þurfi að verja a.m.k 50% vökutímans í íslensku málumhverfi til þess að tungumálið vaxi og dafni og nýtist þeim til gagns (Elín Þöll Þórðardóttir, 2012).

Talað er um að það geti tekið 1-2 ár að ná tökum á félagslegu tungumáli sem nýtist í daglegum samskiptum en allt að 6-7 árum að ná „akademískri færni“ eða þeirri færni sem þarf að ná til að öðlast tök á tungumáli skólans (Cummins, 2004; Elín Þöll Þórðardóttir, 2012).

Í þessu sambandi er skipulagt frístundastarf til viðbótar við grunnskóladaginn afar mikilvægt því á vettvangi frítímans gefst tækifæri til að vera í samskiptum sem byggjast á sameiginlegu áhugasviði þar sem styrkleikar einstaklingsins fá að njóta sín.

Móðurmálskunnátta barna spilar sterklega inn í nám þeirra og þroska en góður grunnur í móðurmáli getur haft grundvallaráhrif á máltöku annars máls þegar vel er að staðið (Birna Arnbjörnsdóttir, 2010; Cummins, 2004; Elín Þöll, 2007). Þá hafa fræðimenn sýnt fram á að virðingarstaða móðurmálsins og viðhorf til þess geti haft mikil áhrif á þróun sjálfsmyndar barna og trú á eigin getu (Banks, 2010; Cummins, ártal?). Góð þekking á móðurmáli og íslensku er bæði auður fyrir einstakling og samfélag, auður sem ber að rækta og gæta. Í ályktun íslenskrar málnefndar frá 2013 er fjallað um mikilvægi þess að stuðla að virku tvítyngi á þann hátt að unnið sé með móðurmál barna um leið og þau ná tökum á íslensku sem öðru máli.

„Virkt tvítyngi er farsælt fyrir nám og líf barna. Málskipti hafa neikvæð áhrif á námsárangur barna og samskipti innan fjölskyldunnar.“

Birna Arnbjörnsdóttir
prófessor við HÍ.

Rannsóknir hafa sýnt fram á að virkt tvítyngi sé farsælast bæði fyrir nám og líf barna. Það felur í sér málviðbót þar sem nýja málinu er bætt við móðurmálið en kemur ekki í stað þess. Virkt tvítyngi styrkir og hefur jákvæð áhrif á námsárangur á meðan málskipti hafa neikvæð áhrif. Færni í móðurmáli er lykill að því að læra annað mál auk þess sem hún er líklegri til að styðja við vitsmunalegan þroska á öðrum sviðum.

Í Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna er lögð áhersla á að aðildarríki tryggi möguleika barna til að viðhalda móðurmáli sínu og að þau fái tækifæri til að nota það í samfélagi með öðrum (Barnasáttmálinn, grein 30.) Í Aðalnámskrá grunnskóla er kafli um íslensku sem annað tungumál en

„Við erum öll ólík; við erum öll eins. Tökum því fagnandi og snúum okkur í hag.“

Robert Berman, Ph.D.
dósent/Associate Professor

þar segir að mikilvægt sé að hvetja foreldra til að styðja við íslenskunám barna sinna ásamt því að þróa og rækta eigið móðurmál til að stuðla að virku tvítyngi. Samskonar áherslur má sjá í læsisstefnu leikskóla Reykjavíkur „Lesið í leik“ og lestrarstefnu grunnskóla borgarinnar auk áherslu um að unnið sé með móðurmál barna og þekkingu í námi og leik. Í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar skal leita allra leiða til að virða og vinna markvisst með fjölbreytt tungumál, stuðla að aukinni móðurmálskunnáttu allra barna og þróa þekkingu starfsfólks á gildi móðurmálsins í námi og lífi barna og ungmenna.

Leita skal leiða til að brúa bilið á milli móðurmáls og íslensku hjá þeim börnum sem hefja leikskóla- eða grunnskólagöngu og tala ekki íslensku. Þetta er hægt að gera í samstarfi við starfsfólk, aðra nemendur eða fullorðna sem geta verið til aðstoðar og tala móðurmál barnanna. Þá er lögð áhersla á að styðja foreldra við að viðhalda og efla móðurmál barna sinna og fræða þá um mikilvægi móðurmálsins.

Foreldrasamstarf

Líklega hefur enginn einstakur þáttur meiri áhrif á nám og líðan barna en viðhorf og stuðningur foreldra þeirra. Til eru rannsóknir sem sýna að allt að 70% af þeim þáttum sem hafa áhrif á námsárangur barns liggi utan við skólann.

Hjá yngri börnum eru áhr ifapættirnir fyrst og fremst viðhorf, væntingar og stuðningur foreldranna. Þess vegna er afar mikilvægt að skólinn finni leiðir sem veita öllum foreldrum tækifæri til að eiga hlutdeild í námi barna sinna. Þetta á ekki síst við um foreldra sem eiga rætur í ólíkri menningu og geta því fundið til vanmáttar gagnvart íslenska skólanum og námi barna sinna. Hér er forsenda að skólinn ávinni sér traust og virðingu foreldranna frá upphafi og sé lausnarmiðaður þegar kemur að því að þróa leiðir til samskipta. Leikskólinn og grunnskólinn þurfa að hafa frumkvæði að virku samstarfi heimilis og skóla og beita sér fyrir því að tengja saman fjölskyldur barnanna.

„Í starfi með börnum er nauðsynlegt að allt starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi þess að hughreysta, vera til staðar og hafa trú á verðandi samfélagsþegnum. Það getur skipt sköpum í lífi barns að eiga hauk í horni sem aðstoðar það við að tengjast öðrum og samfélaginu.“

Ester Helga Líneyjardóttir,
deildarstjóri í Fellaskóla.

Skólinn og frístundastarfið þarf að laga sig að því að við lifum í fjölmenningsamfélagi þar sem fjölskyldugerðir eru fjölbreyttar og þarfir fjölskyldna mismunandi. Það sem hentar einni fjölskyldu þarf ekki að henta annarri.

Í frístundamiðstöðvum þarf að leggja áherslu á foreldrasamstarf sem byggir á fjölmennningarlegum viðhorfum og skapa umhverfi sem endurspeglar fjölbreytileikann. Frístundamiðstöðvar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar byggja á norður evrópskri hugmyndafræði sem þekktist jafnvel ekki í samfélögum utan þess svæðis. Hlutverk frístundamiðstöðva er að kynna fyrir foreldrum mikilvægi skipulags frístundastarfs en æskilegt er að leita eftir samstarfi við leik- og grunnskóla til að ná til sem flestra foreldra. Börn á Íslandi verja miklum hluta af sínum frítíma í skipulögðu frístundastarfi en rannsóknir hafa sýnt að slíkt starf hefur mikið forvarnargildi. Foreldrasamstarf í fjölmennningarlegu frístundastarfi þarf annars vegar að byggja á upplýsingum til foreldra um mikilvægi frístundastarfsins fyrir nám og þroska barnsins og hinsvegar því að hvetja foreldra til að taka þátt í því starfi sem er skipulagt í frítíma barnsins.

Þegar barn sem talar annað móðurmál en íslensku byrjar í skóla eða frístundastarfi ætti að leggja sérstaka rækt við að byggja upp samstarf við foreldra strax frá upphafi með það að markmiði að mynda tengsl og traust.

Mikilvægt er að þróa samtal við alla foreldra sem tekur tillit til mismunandi menningarbakgrunns og þekkingar og fjölbreytileika fjölskyldna. Allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi borgarinnar ætti að tileinka sér jákvætt viðhorf til foreldra og líta svo á það sem sitt hlutverk að stuðla að samstarfi

Í skóla og frístundastarfi

Reykjavíkurborgar skal stefnt að því að:

- Koma til móts við þarfir allra barna með því að þróa fjölbreytta kennslu- og starfshætti.
- Öll börn nái árangri í íslensku enda er hæfni í íslensku meginforsenda lýðræðislegrar þátttöku og jafnréttis í íslensku samfélagi.
- Öll börn með annað móðurmál en íslensku þrói með sér virkt tvítyngi þ.e. öðlist færni til að viðhalda og efla móðurmál sitt um leið og þau ná árangri í íslensku.
- Börn og ungmenni eigi í gagnvirkum samskiptum þar sem þau fá tækifæri til að standa jafnfætis með virðingu að leiðarljósi um leið og þau læra hvert af öðru.
- Starfsfólk SFS leggi sig fram um að kynnast hverju barni og fjölskyldu þess. Sú þekking sem þetta færir þeim verði nýtt í þeim tilgangi að byggja nám, leik og frístundir barnsins á fyrri reynslu þess og þekkingu.
- Hafa frumkvæði að samstarfi við foreldra og þróa lausnarmiðaðar og sveigjanlegar leiðir til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla geti orðið hindrun í samstarfi.

Hlutverk starfsstöðva SFS er að:

- Fylgja eftir leiðarljósi SFS um námslegan og félagslegan árangur allra barna og ungmenna.
- Í þeim áætlunum um læsi í leikskóla og lestrarstefnu grunnskóla verði gerð grein fyrir vinnu með mál og læsi tvítyngdra barna í samstarfi skólastiganna.
- Frístundamiðstöðvar í samstarfi við leikskóla og grunnskóla vinni saman að móttöku barna í frístundastarf í samræmi við móttökuáætlun grunnskóla og frístundastarfs vegna nemenda með annað móðurmál en íslensku.
- Í jafnréttisáætlunum starfsstaða komi fram hvernig unnið skuli að fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi líkt og fram kemur í grunnþættinum *Jafnrétti* í sameiginlegum hluta aðalnámskrár beggja skólastiga.
- Gera árlega grein fyrir nýtingu úthlutaðs fjármagns til fjölmennningarlegs skóla- og frístundastarfs líkt og kveðið er á um í stefnu um skóla án aðgreiningar.

Hlutverk skrifstofu SFS er að:

- Fylgja eftir áætlunum frá starfsstöðvum SFS vegna:
 - Læsisstefnu leikskóla og lestrarstefnu grunnskóla.
 - Jafnréttisáætlana
- Hafa yfirsýn yfir og úthluta fjármagni v. fjölmennningarlegs skóla- og frístundastarfs
- Nýta heildarmatið til að fylgjast með því hvernig unnið er með leiðarljósi SFS í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi
- Hafa umsjón með tulkabjónustu með því að sjá um samþykkt á reikningum og veita fræðslu til starfsstöðva.
- Að sjá til þess að við í útgáfu og miðlun upplýsinga á vegum sviðsins verði stuðst við gátlista v. myndefnis og þýðinga.
- Veiti ráðgjöf og fræðslu vegna:
 - Fjölmennningarlegs skóla- og frístundastarfs og fjölbreyttra kennsluhátta
 - Foreldrasamstarfs í fjölbreyttum barna og foreldrahópi
 - Íslensku sem annars máls
 - Vinnu með móðurmál, menningu og bakgrunn barna og ungmenna
- Stuðli að samstarfi aðila sem stutt geta við fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf
 - Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur
 - Fjölmennningarleg verkefni á Borgarbókasafni
 - Samstarfsteymi kennsluráðgjafa og leikskólaráðgjafa með þekkingu á fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi
 - Móðurmálssamtökin, pólski skólinn, Tungumálaver, Tungumálatorg

Það er hlutverk allra sem starfa á skóla- og frístundasviði Reykjavíkur að tileinka sér jákvætt viðhorf til foreldra.



Stiklur í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi

Í kaflanum hér á eftir „Stiklur í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi“ er að finna fjölmargar hugmyndir og gagnlegar ábendingar til að nýta í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi. Þá er hér einnig að finna fræðilegt efni sem tengist þeirri hugmyndafræði sem stefnan byggir á auk þess sem fjallað er um leiðir til að skrá, meta og fylgjast með framförum barna með annað móðurmál en íslensku í mál og læsi.

Fjölmennningarstefna skóla- og frístundasviðs byggir á lögum og aðalnámskrá beggja skólastiga, starfsskrá frístundamiðstöðva í Reykjavík ásamt stefnumótun Reykjavíkurborgar og alþjóðlegum sáttmálum. Hér á eftir fylgir upptalning á flestum þessara lykilskjala sem starfsfólk í skóla- og frístundastarfi er hvatt til að kynna sér betur:

- [Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar](#)
- [Skóli án aðgreiningar og sérstakur stuðningur við nemendur í grunnskólum](#)
- [Læsisstefna Leikskóla „Lesið í leik“](#)
- [Lestrarstefna fyrir grunnskóla Reykjavíkur](#)
- [Jafnréttisáætlun - Jafnréttisstofa](#)
- [Vinsamlegt samfélag](#)
- [Reglur um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar við trúar- og lífsskoðunarfélög](#)
- [Starfsskrá frístundamiðstöðva í Reykjavík](#)
- [Móttökuáætlun fyrir grunnskóla í Reykjavík](#)
- [Ályktun íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2013 – tvítyngi og fjöltyngi.](#)
- [Aðalnámskrá leikskóla](#)
- [Aðalnámskrá grunnskóla](#)
- [Lög um grunnskóla](#)
- [Lög um leikskóla](#)
- [Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna](#)
- [Mannréttindasáttmáli Sameinuðu þjóðanna](#)

„Fólk er eins og snjallsímar. Þeir eru ólíkir og með allskonar möguleika. Það er ekki útliðið eða liturinn sem skiptir aðal máli heldur hugbúnaðurinn.“

Jón Gnarr
boraarstíri í Reykjavík



Móttaka og aðlögun

Mikilvægt er að huga að gagnvirkri þátttöku barna og foreldra frá fyrstu tíð í leikskólanum, grunnskólanum og frístundastarfinu. Á fyrstu dögnum ætti markmiðið að vera að skapa andrúmsloft mikilla væntinga og virðingar þar sem samræða um starfið og bakgrunn barnsins/nemandans einkennist af menningarlegu næmi

„Ef við þurfum að teygja okkur aðeins lengra til að ná samstarfi við suma foreldra þá er mikilvægt að við gerum það. Það skilar sér margfalt til baka.“

Anna Margrét Þorlákssdóttir
leikskólakennari á Laugasól

og áhuga. Mikilvægt er að leikskólar, grunnskólar og frístundastarf vinni saman að aðlögun og móttöku barna með góðu samstarfi sín á milli.

Í þeim tilfellum þegar foreldrar og starfsfólk deila ekki sama tungumáli er mikilvægt að tryggja samskipti með þeim hætti að foreldrar verði þátttakendur og raunverulegir umboðsmenn barna sinna í námi þeirra og leik. Með því að nýta þjónustu túlka, tvítyngda starfsmenn eða aðrar bjargir er hægt að þróa samskipti sem byggja á gagnvirku trausti frá fyrstu tíð. **Mikilvægt er að allir sem starfa í skóla- og frístundastarfi í borginni sé meðvitaðir um að nota ekki börn til að túlka fyrir foreldra sína.**

Hugmyndir að björgum:

- [Túlkabjónusta, símatúlkun eða túlkur á staðinn.](#)
- [Fjölbreyttar leiðir í samskiptum við foreldra sem ekki tala íslensku](#)
- [Orðalistar og fleira efni á 10 tungumálum](#)
- **Samningur um samskipti:** Ein leið er að gera samning eða gátlista um samskipti þar sem báðir aðilar (foreldrar og starfsmaður) ræða hvernig hægt er tryggja samskipti og upplýsingagjöf. Slíkur samningur gæti innihaldið eftirfarandi upplýsingar um það hvernig aðilar ætla að hafa samskipti.
 - Vilja foreldrar túlka og er það einhver ákveðinn túlkur sem þeir vilja?
 - Nota foreldrar tölvupóst og er hægt að senda skilaboð á milli í tölvupósti og nota google translate eða annað til að aðstoða við að þýða?
 - Lesa foreldrar íslensku? Ensku?
 - Eru einhverjir á heimilinu, í fjölskyldunni sem geta lesið íslensku og hjálpað til við að túlka?
 - Eru aðrir foreldrar í skólanum sem geta aðstoðað við samskipti?
 - Geta foreldrar nýtt heimasíðu leikskólans, grunnskólans eða frístundaheimilisins til að fá upplýsingar um starfið eða myndir af börnunum?
 - Vilja foreldrar fá miða með skilaboðum heim með barninu?
 - Eru foreldrar látnir vita af þeim upplýsingum sem til eru á fjölbreyttum tungumálum?
 - Eru foreldrar látnir vita af þeim upplýsingum sem ekki er mögulegt að þýða en er mikilvægt að þeir kynni sér með aðstoð einhverra sem lesa íslensku.

Skv. grunnskólalögum ber grunnskólum landsins að vinna sérstaka móttökuáætlun vegna nemenda af erlendum uppruna. Móttaka barna í leikskóla hefur löngum verið með þeim hætti að foreldrar eru þátttakendur í aðlögun barnanna og hefur því áherslan meira verið á markvissa móttöku allra barna en með sérstökum bjargráðum þegar um móttöku barna með annað móðurmál en íslensku er að ræða. Í frístundastarfi hefur verið unnin sérstök móttökuáætlun v. barna með annað móðurmál en íslensku. Sjá nánar:

- Móttaka og aðlögun leikskólabarna: http://eldri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-2332/4197_view-51/
- Móttökuáætlun Grunnskóla: http://innri.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-350/774_view-2143/

- Móttökuáætlun Frístundar:

http://eldri.reykjavik.is/portaldata/1/Resources/skola_og_fristundasvid/skjol/Handbo_k_me_kraekjum.pdf



Mál og læsi

Markmiðið í skóla- og frístundastarfi borgarinnar er að stuðla að virku tvítyngi barna og ungmenna. Virkt tvítyngi felur í sér færni einstaklinga til að nota íslensku og móðurmálið sitt daglega í námi, leik og samskiptum. Til þess að svo megi verða þarf að tryggja aðgengi allra að markvissri málörvun og kennslu í íslensku sem öðru máli. Þá þarf að nýta þau tækifæri sem gefast í skóla- og frístundastarfi til að vinna með og efla fjölbreytt móðurmál.

„Í stað þess að taka nemendur út úr kennslustundum eða útvega þeim sérstakt léttara námsefni, viljum við að þeir fái samskonar viðfangsefni og aðrir nemendur og noti spjaldtölvur sem hjálpartæki til þess að ná tökum á námsefninu.“

Heimasíða Hagaskóla

- Íslenska sem annað mál:

- Allir þeir sem koma að starfi og kennslu barna og ungmenna eru málfyrirmyndir og íslenskukennarar og bera ábyrgð á að börn og ungmennti fái ríkuleg tækifæri til að nota íslensku.
- Talið er að börn þurfi að vera u.þ.b. 50 % vökutímans í virku íslensku málumhverfi til að ná tökum á íslensku.
- Félagsleg samskipti og þátttaka í námi og leik leggur mikilvægan grunn að íslensku sem öðru máli.
- Gott samstarf við fjölskyldur ýtir undir hvata til að ná tökum á íslensku.
- Það tekur um 1-2 ár fyrir börn að ná tökum á félagslegu samskiptamáli í íslensku en 4-7 ár að ná tökum á skólaorðaforða. Magn og gæði íslenskunnar í málumhverfi þeirra hefur áhrif á það hversu vel tekst til.

- Nokkrar aðferðir og slóðir með hugmyndum að vinnu með íslensku sem annað mál:

- [Tungumálatorg – íslenska sem annað mál](#)
- [Tungumálatorg – verkfærakista íslenska sem annað mál](#)
- [Fjölmenningarvefurinn – íslenska sem annað mál](#)
- [PALS \(e. peer assisted learning strategies\)](#)
- [Orðaspjall \(e. text talk\)](#)
- [6+1 vídd ritunar \(e. 6+1 Traits of writing\)](#)
- [Spjaldtölvur í skólastarfi](#)
- [Kötluvefurinn](#)
- [Leikskóli – Læsisstefnan „Lesið í leik“. Hugmyndir að vinnu með málörvun og íslensku.](#)
- [Grunnskóli – lestrarstefna grunnskóla](#)
- [Paxel leikir sem þjálfar orð og hugtök tengd móðurmáli og stærðfræði.](#)
- [Myndmál - talsett myndrænt orðasafn.](#)
- [Söguskjóður](#)
- [Námsgagnastofnun](#)
- [Mál og læsi, sameiginleg ábyrgð foreldra og kennara 10 tungumál](#)

- **Fjölbreytt móðurmál:**

- Vinna með fjölbreytt tungumál í skóla- og frístundastarfi eykur meðvitund allra um tungumál (e. *metalinguistic awareness*) en slík þekking kemur öllum til góða bæði í samskiptum og í eigin tungumálanámi.
- Góð staða í móðurmáli hefur bein áhrif á möguleikann til að ná árangri í íslensku sem öðru máli.
- Vitsmunafroski og þróun tungumálsins haldast í hendur. Þekking sem verður til á móðurmáli verður að undirliggjandi færni í íslensku sem öðru máli.
- Stuðningur við fjölbreytt móðurmál í skóla- og frístundastarfi eykur virðingu samfélagsins fyrir tungumálum.



- Til þess að börn geti þróað með sér virkt tvítyngi þarf ríkt málumhverfi bæði á móðurmáli og íslensku. Hér á eftir eru hugmyndir að 10 leiðum til að vinna með fjölbreytt tungumál í skóla- og frístundastarfi. Enn fleiri hugmyndir eru á [Tungumálatorgi](#) og [Fjölmenningarvefnum](#).

1. Útbúa tungumálabanka með upplýsingum um öll tungumál sem töluð eru af börnum og fullorðnum í leikskólanum, grunnskólanum eða í frístundastarfinu. Bankinn getur verið á netinu og/eða á veggspjaldi. [Skráið tungumál skólans í leitina að tungumálaorðaforða Íslands](#).
2. Auglýsingar, kveðjur og tilkynningar á tungumálum skólans og frístundastarfsins. Þjóðið gesti velkomna á fjölbreyttum tungumálum. [Veggspjald fyrir leikskólann er hér til að prenta út](#).
3. Kynna eitt nýtt orð á dag á tungumálunum sem töluð eru í hópnum. Það er hægt að gera á einfaldan hátt t.d. með því að kanna hvernig ný orð sem verið er að læra á íslensku hljóma á öðrum tungumálum.
4. Búa til tvítyngisbækur eða samskiptabækur með myndum og texta á íslensku og öðrum tungumálum. Eldri og yngri nemendur geta hjálpast að við verkefnið þar sem paraðir eru saman þeir sem tala íslensku og annað mál. Í leikskóla er hægt að vinna slíkar bækur með foreldrum eða börnunum sjálfum. [Ljáðu mér orð, myndræn orðabók fyrir leikskóla er hér](#).
5. Veita börnum tækifæri til að nýta móðurmál sitt í vinnu með ný hugtök en þannig dýpkar skilningur þeirra í náminu um leið og fyrri þekking þeirra er virkjuð.
6. Nýta rafræna tækni, tölvur, myndbandsvélar, myndavélar og [SPJALDTÖLVUR](#) til að auðvelda börnum að tjá sig og læra í gegnum móðurmál sitt.

Með spjaldtölvum geta nemendur hvar sem er nýtt sér móðurmál sitt til skilnings á því efni sem þeim er ætlað að læra. Ef nemendur fá ekki tækifæri til þess að þroska hugsun sína á móðurmálinu er hætt á að þeir staðni og nái hvorki tókum á því né nýja málinu ([Heimasíða Hagaskóla](#)).

7. Læra söngva, leiki og að telja á fjölbreyttum tungumálum. Fáíð börn og foreldra til að aðstoða við að finna viðeigandi efni á netinu.
8. Útbúa veggspjöld með orðum úr fjölskyldunni s.s. eins og mamma, amma, afi á tungumálum skólans.

9. Nýta bækur á fjölbreyttum tungumálum sem eru aðgengilegar rafrænt eða á bókasöfnum. Biðjið foreldra um að koma og lesa á fjölbreyttum tungumálum eða fáíð eldri nemendur sem eru læsir á eigin móðurmáli til að lesa fyrir yngri börn.
10. Þegar nýtt barn (sem er að læra íslensku sem annað mál en er altalandi, skrifandi og lesandi á móðurmáli) kemur inn í barnahópinn er tilvalið að para það saman með nemendum í hópnum (bekknum) í gegnum viðfangsefni dagsins og búa til lærdómspör sem læra saman íslensku og nýtt tungumál. Það hefur stílabók (eða spjaldtölvu) og í hana eru skrifuð ný orð á báðum tungumálunum sem nauðsynlegt er að læra. Þannig verða til samskipti á milli barnanna sem byggja undir læsi, lestur, skrift og vitund um tungumál og um leið orðabók sem nýtist í samskiptum. Slík vinnubrögð styrkja félagsleg samskipti og gera allan nemendahópinn samábyrgan í að taka á móti nýja nemandanum.

„Móðurmál eru hluti af okkur og það er okkar dásamlegi réttur að læra og nota þau. Öll elskum við tungumál og viljum vera stolt af þeim hvar sem við erum stödd í heiminum.“

Renata Emilsson Peskova, formaður samtakanna Móðurmáls

Samstarf um móðurmál barna og ungmenna

- [Tungumálaverið](#) er þjónustustofnun þar sem veitt er ráðgjöf í norsku og sænsku til skóla og sveitarfélaga um allt land. Þar fer fram staðbundinn kennsla í norsku, pólsku og sænsku fyrir nemendur í Reykjavík. Boðið er upp á netnám í norsku, pólsku og sænsku fyrir nemendur innan bæjar og utan.
- [Evrópska Tungumálamappan](#) er verkefni fyrir nemendur frá 5 ára aldri en þar hefur þróun tungumáls verið kortlögð og stigskipt. Nemendur geta fylgst með eigin kunnáttu með því að meta sig við ákveðinn sjálfsmatsramma til að finna út hvar það er stöð í öllum færniþáttum á bilinu A1-C2. Einnig er þar að finna sjálfsmatslista sem hægt er að styðjast við í kennslu.
- [Samtökin Móðurmál](#) hafa verið starfrækt frá árinu 1994. Tilgangur samtakanna er að kenna tvítyngdum börnum móðurmál þeirra, styðja móðurmálskennara, að afla þekkingar á tvítyngi og að hvetja foreldra tvítyngdra barna til að veita þeim tækifæri til móðurmáls- og menningarnáms. Nú eru kennd um 15 móðurmál innan samtakanna.
- [Pólski skólinn](#) var stofnaður af hópi kennara og foreldra sem vildu auka aðgang að móðurmáli, sögu og landafræði. Nemendur í skólanum eru á aldrinum 5-18. ára.
- [Heimanámsaðstoð á Borgarbókasafni](#) Verkefnið er samstarfsverkefni Borgarbókasafns og Reykjavíkurbildar Rauða kross Íslands.
- [Café Lingua](#), er rekið af Borgarbókasafni og er hugsað sem vettvangur fyrir þá sem vilja efla tungumálakunnáttu sína.



Fjölmenningarlegir kennslu- og starfshættir

Þegar verið er að þróa fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf er mikilvægt að allir þættir starfsins séu teknir til ígrundunar. James Banks (2010) hefur sett fram eftirfarandi viðmið sem hægt er að nýta sem gátlista til að skoða eigið starf:

- **Efniviður.** *Hvernig er notast við fjölbreyttan efnivið, myndir og annað sem hefur skírskotun í fjölbreytta menningu og tungumál?*
- **Uppbygging þekkingar.** *Eru notaðar aðferðir sem ganga út á að ræða, rannsaka, skoða og skilja hvernig ólíkar skoðanir, sýn og viðhorf byggja upp nýja þekkingu?*
- **Draga úr fordómum.** *Í hverju felast fordómar nemenda og hvaða aðferðir og efniviður eru notaðir til að draga úr þeim?*
- **Jafna tækifæri barna til náms.** *Hvernig er stuðlað að jöfnum tækifærum barna til náms? Eru notaðar aðferðir sem beinast að því að auka árangur barna óháð uppruna, kyni og félagslegri stöðu?*
- **Valdeflandi skólamenning.** *Skoða stjórnendur, kennarar og starfsfólk starfið í heild sinni, hópaskiptingar, stimplun á færni, þátttöku barnanna og samskipti þvert á hópa? Er skólabragurinn til þess fallinn að vera valdeflandi fyrir alla?*
- **Fjölbreyttir starfs- og kennsluhættir eru mikilvægir til að ná árangri í vinnu með fjölbreytta barnahópa.** Hér á eftir fara nokkrar hugmyndir að slíkum vinnubrögðum:
 - Í starfi frístundamiðstöðva þarf að huga að því hvernig unnið er með og rætt um fjölbreytta menningu. Ígrunda þarf hvernig reynt er að aðlagast starfseminu með þeim hætti að hún henti öllum. Til dæmis gætu dagopnanir í félagsmiðstöðvum hentað ákveðnum hópi betur en opnanir á kvöldin.
 - [Samvinnunám og virk þátttaka allra barna í leikskólastarfinu.](#)
 - [SÍSL](#)
 - [Menningarlega samsvarandi kennsluhættir \(e.culturally responsive teaching\)](#) er tiltekin nálgun sem byggir á því að kennarar og starfsfólk leggi sig eftir að nýta reynslu og þekkingu barna í námi og leik.
 - [CLIM \(e. cooperative learning in multicultural groups\)](#). Með aðferðinni sem kallast SAFN á íslensku (Samvinnunám í fjölbreyttum nemendahópi) er miðað að því að ná hámarksvirkni hjá nemendahópnum og öllum veittur jafn aðgangur að lærdómsferlinu. Nemendur eru með þessu móti þjálfðir í samskiptahæfni þar sem aðaláhersla er lögð á að hver og einn hafi eitthvað til brunns að bera sem nýtist öllum hópnum. Hugmyndir CLIM/SAFN ganga út á að tengja fjölmenningarlega kennslu við almennt bók- og tungumálanám.
 - [Þemanám, söguaðferð \(e. storyline\)](#) er vinna með ákveðinn söguramma og þemu. Námið er lausnarmiðað og grundvallast á forþekkingu nemenda.
 - [Svæða-verkstæðisvinna](#) rými skipt upp í námssvæði, oft eftir námsgreinum eða námsleiðum. ([Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2010](#)).
 - [Fjölbreytt nám \(e. multilevel learning\)](#). Unnið er út frá heildarmyndinni og valin þrjú til fjögur grunnatriði sem allir þurfa að tileinka sér til þess að öðlast grundvallarþekkingu, færni og skilning. ([Hafdís Guðjónsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir, 2010](#)).
 - [Menningarmót](#) eru þverfagleg kennsluáðferð hugsuð til þess að varpa ljósi á mismunandi menningarheima allra barna í barnahópnum.
 - [Kompás](#), handbók um mannréttindafræðslu
 - [ACCESS](#) ALL AREAS handbók í frístundastarfi



Samstarf við fjölskyldur

Allar starfsstöðvar SFS eru hvattar til að gera samning um samskipti við foreldra. Í honum kemur fram hvort foreldrar vilja að upplýsingar til þeirra berist í tölvupósti, símtali, miða í hólfi eða tösku, og hvort foreldri geti lesið íslensku. [Hér eru fjölbreyttar leiðir til að fara í samskiptum við foreldra sem deila ekki sama tungumál.](#)

- Hvetjið foreldrana til að vera með barninu sínu í skóla- og frístundaheimilinu fyrstu dagana ef hægt er að koma því við.
 - Það veitir barninu öryggi
 - Foreldrarnir kynnast daglegu starfi barnsins
 - Foreldrar fá innsýn í skólastarfið almennt
 - Það stuðlar að gagnkvæmum kynnum og stuðlar að trausti foreldra og starfsfólks
 - Foreldrar fá tækifæri til að aðstoða barnið við að deila þekkingu sinni og reynslu
- Leitið eftir fyrri reynslu foreldra af skóla- og frístundastarfi í og væntingum þeirra til þess
- Gefið foreldrunum hagnýtar upplýsingar um skólann og frístundastarfið svo þeir geti gert sér ljóst hvers er að vænta. Upplýsingar á fjölbreyttum tungumálum eru til á heimasíðu [skóla- og frístundasviðs Foreldravefnum](#) og [heimasíðum leikskóla](#).
- [Látið foreldra fá upplýsingar um mikilvægi frístundastarf sem til eru á nokkrum tungumálum](#)
- [Kynnið fyrir foreldrum frístundakortið](#)
- [Foreldrafélag Austurbæjarskóla hefur unnið fjölbreyttar upplýsingar í skilaboðaskjóðu foreldra sem hægt er að nýta í samskiptum í foreldrahópnum.](#)
- Ræðið um hlutverk foreldra og væntingar til þeirra
- Gerið foreldrum grein fyrir því hvernig þeir geta stutt við nám barnsins þ.á.m. íslenskunámið.
- Kynnið fyrir foreldrum [Heimanámsaðstoð á Borgarbókasafni](#)
- Gefið foreldrum tækifæri til að velja það fyrirkomulag og þann tíma sem hentar þeim best til að vera í samskiptum t.d. tölvupóstar, símafundir, fundir í o.fl. og hvort þörf er á túlki.
- Stuðlið að því að bekkjarfulltrúi hitti foreldrana
- Hvetjið til þess að nýja fjölskyldan fái vinafjölskyldu í bekknum ef vilji er fyrir því
- [Nýtið túlkabjónustu, símatúlkun og starfsfólk](#) skóla sem deilir sameiginlegu tungumáli með foreldrum til að auðvelda samskipti við fjölskyldur.
- Samskiptasíða bekkjar/leikskóla fyrir foreldra og kennara (facebook). Skóli setur inn nokkrar myndir af nemendum í daglegu starfi. Stuðlar að samræðu foreldra og barns á móðurmáli um atburði dagsins. Mjög einfalt þar sem er spjaldtölva með myndavél og þráðlaust net
- Samskiptabók með ljósmyndum að heiman (fjölskylda, stórfjölskylda, ferðalög, heimamening, hátíðir og hefðir o.s.frv.) og frá leikskóla (ferðir, uppákomur, hátíðir og hefðir, leikur og nám o.fl.). Barnið ræðir um myndirnar á íslensku í skólanum og á móðurmálinu heima við. Stuðlar að samræðu og samvinnu og er um leið góð málörvun.

„Þegar samvinna foreldra um barnahópinn tekst vel, njóta allir nemendur. Jákvæður og uppbyggilegur stuðningur umsjónarkennara við foreldrahópinn fyrstu árin í grunnskólanum skiptir sköpum þegar að byggja á upp gott bekkjarstarf.“

*Birgitta Bára Hassenstein, varaformaður
SAMFOK og fulltrúi foreldra
í skóla- og frístundaráði*